



**ÁLITSGERÐ NR. 01/2010**

**FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU**

frá 12. maí 2010

**um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 þar sem fram eru settar framkvæmdareglur fyrir vottun lofthæfi og umhverfishæfi loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og fyrir vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja**

'Undirkafli J DOA'

## I. Almennt

1. Markmiðið með þessari álitsgerð er að leggja til við framkvæmdastjórnina að gerð verði breyting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) No 1702/2003<sup>1</sup> og viðauka við hana (hér á eftir nefnd hluti-21) með því að bæta við ítarlegum og endurbættum kröfum um gerð vottunaráætlana, í því skyni að láta DOA réttindin einnig ná til minniháttar endurskoðunar á flughandbók, og að setja fram minniháttar ritstjórnarlegar lagfæringar.
2. Álitsgerðin hefur verið samþykkt eins og ráð er fyrir gert í þeim ferlum sem tilgreind eru af Framkvæmdastjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu ('stofnunarinnar')<sup>2</sup>, í samræmi við ákvæði 19. greinar reglugerðar (EB) Nr. 216/2008<sup>3</sup> (hér á eftir nefnd grunnreglugerðin).

## II. Samráð

3. Helsta markmiðið með Tilkyningu um fyrirhugaða breytingu (e. Notice of Proposed Amendment (NPA)) 2006-16<sup>4</sup> var að leiðrétta misræmi milli núverandi málsgreina hluta-21, bæði til að einfalda málin og til að treysta lagalega umgjörð um þátt stofnunarinnar í verkefnatengdum samræmisvottunum. Einkum var hér um að ræða tvær málsgreinar, þ.e. 21A.257(b), en samkvæmt henni hefur stofnunin fulla heimild til að kanna gildi sérhverrar samræmisyfirlýsingar sem umsækjandi kann að setja fram, og 21A.263(b), en samkvæmt henni ber stofnunni að samþykkja sérhverja samræmisyfirlýsingu án frekari gildiskönnunar.
4. Tillaga að fyrirkomulagi til að leysa þetta mál var fyrst sett saman hjá reglusmiðahópi EASA/stjórnvalda/fluggeirans (e. EASA/Authorities/Industry). Tilkyning um fyrirhugaða breytingu 2006/16 sem innihélt drög að áliti um reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar til breytingar á reglugerð (EB) 1702/2003 var birt á vefsíðu stofnunarinnar 12. október 2006.
5. Við lok skilafrests, 12. janúar 2007 hafði stofnuninni borist 158 athugasemdir frá 35 stjórnvöldum landa, fagfélögum og einkafyrirtækjum.
6. Athugasemdir vegna NPA 16/2006 báru með sér að skoðanir voru skiptar, eins og eftirfarandi dæmi sýna: Sumir töldu að öryggið kynni að líða fyrir það að dregið yrði úr aðkomu stofnunarinnar að vottun framleiðsluvara, að stofnunin hefði ekki aðgang að vottunargögnum, eða jafnvægi milli vottunar stofnana og framleiðsluvara myndi raskast, o.sv.frv. Leiddi það til þess að efnt var til miklar innri umræðu til að freista þess að sætta andstæð sjónarmið.
7. Móttaka allra athugasemda var staðfest og þær felldar inn í sameiginlegt skjal með heitinu Svör við athugasemdum (e. Comment Response Document – CRD) sem birt var á heimasíðu stofnunarinnar 16. september 2008. Í skjalinu er listi yfir alla einstaklinga og/eða samtök, sem sent hafa inn athugasemdir, ásamt svörum stofnunarinnar.

---

<sup>1</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 þar sem fram eru settar framkvæmdareglur fyrir vottun lofthæfi og umhverfishæfi loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og fyrir vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (OJ L 243, frá 27.9.2003, bls. 6), síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EC) Nr. 1194/2009 frá 30. nóvember 2009.

<sup>2</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar EASA um verkferli fyrir stofnunina við útgáfu álitsgerða, vottunarstaðla og Leiðbeiningar (Verkferli við reglusmið). EASA MB 08-2007, frá 13.06.2007.

<sup>3</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) Nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði almenns flugs og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EBE, Reglugerð (EB) Nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB (OJ L 79, frá 19.03.2008, bls. 1), síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) No 1108/2009 frá 21. október 2009.

<sup>4</sup> Sjá Skjalasafn fyrir reglusmið á [http://www.easa.europa.eu/ws\\_prod/r/r\\_archives.php](http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/r_archives.php).

8. Í ofangreindu CRD var sett fram endurskoðuð tillaga og þar voru kynntar breytingar sem áttu að afmarka betur ábyrgð umsækjendanna og stofnunarinnar. Vegna þess að skoðanir voru skiptar um þetta mál framlengdi framkvæmdastjóri stofnunarinnar svarfrestinn úr tveimur mánuðum, sem er sá frestur sem tíðkast, í þrjá mánuði. Lokadagurinn var því 16. desember 2008.
9. Endurskoðunarhópur, sem settur var á laggirnar eins og tilgreint er í verklagslýsingu stofnunarinnar fyrir reglusmíði, féllst ekki á hið endurskoðaða fyrirkomulag. Að auki fékk stofnunin 86 svör frá hagsmunaaðilum eftir birtingu CRD. Mörg þeirra studdu ekki grunnhugmyndirnar.
10. Stofnunin viðurkennir að sú hugmynd sem fram er sett í CRD 16/2006 er ekki fullmótuð; hana þurfi að skoða betur og fullvinna áður en til greina komi að fella hana inn í hluta-21. Hins vegar bendir stofnunin á að viss atriði tillögunnar, sem ekki er ágreiningur um, þ.e. að koma upp vottunaráætlun og að útvíkka DOA réttindi til að leyfa minniháttar endurskoðun flughandbóka, sé rétt að halda áfram að þróa með það fyrir augum að taka þau með í hluta-21.  
Af þessum ástæðum hefur stofnunin ákveðið að fella út úr tilkynningunni þær breytingar sem lagðar höfðu verið til á málsgreinum 21A.38, 21A.114 og 21A.257 og tengdar breytingar á AMC og GM í hluta-21, en halda eftir þeim breytingum sem lagðar höfðu verið til á málsgreinum 21A.20, 21A.21, 21A.33, 21A.97, 21A.103, 21A.115, 21A.263 og 21A.433 (með minniháttar breytingum vegna þess að tillagan hefur minnkað að umfangi).
11. Stofnunin mun halda áfram að vinna að þeim málum sem ekki hefur náðst eining um, eins og til dæmis umfang DOA, hlutfallslegt vægi DOA og vottunar framleiðsluvara, og á hvaða stigi þátttaka stofnunarinnar í vottun framleiðsluvara er og hvers eðlis hún er, enda felst það í samfelldu innra starfi hennar sem byggist á hlutverki hennar og stefnumörkun.

### III. Efni álitsgerðar stofnunarinnar

12. Í þessari álitsgerð eru lagðar til breytingar á hluta-21, einkum á ákvæðum er varða það að sýna fram á samræmi við tegundarvottunargrunninn og umhverfisverndarkröfur, svo og möguleikana á að útvíkka DOA samþykki til að leyfa minniháttar endurskoðanir á flughandbók án þess að stofnunin komi þar við sögu.
13. Tilgangurinn með því að bæta við kröfu um að umsækjandinn láti stofnuninni í té vottunaráætlun er sá að kerfisbinda núverandi verklag, enda hefur það þegar verið tekið með sem hluti af vottunarferlum útgefnum af stofnuninni.
14. Réttur, sem handhafi samþykkis hönnunarstofnunar (DOA) samkvæmt 21A.263(c)(4) til að samþykkja vissar breytingar á flughandbókum loftfara án þess að stofnunin komi þar við sögu, samræmist ekki skilgreiningunni á *minniháttar* samkvæmt 21A.91. Tulkunin á orðunum 'skráningarbreytingar í flughandbókum loftfara' hefur lengi vafist fyrir mönnum. Þessvegna er gerð sú breyting að 21A.263(c)(4) er látið tákna 'minniháttar endurskoðun' (sem ætlunin er að skilgreina í tilheyrandi AMC og GM), sem bæði ná til tæknibreytinga í flughandbók í tengslum við minniháttar hönnunarbreytingar samkvæmt 21A.91 ásamt öðrum ótæknilegum breytingum á skráningu samkvæmt nógildandi skilgreiningu.

### IV. Mat á áhrifum reglugerðarinnar

15. Ekki er gert ráð fyrir að þessar breytingar hafi nein áhrif á öryggismál.

16. Innleiðing vottunaráætlunarinnar (21A.20) er þegar um garð gengin og mun engin áhrif hafa á hag umsækjenda. Hins vegar mun innleiðing hennar í hluta-21 festa núverandi tilhögun í sessi í lagaumhverfi ESB og leggja umsækjendum skýlausar skyldur á herðar.
17. Hinn nýtilkomni möguleiki á að útvíkka DOA réttindin á þann hátt að þau nái til minniháttar endurskoðun á flughandbókum mun hafa hóflega jákvæð hagræn áhrif. Hann mun einnig gera réttmætum handhöfum DOA réttinda kleift að samþykkja minniháttar laggfæringar á flughandbókum án þeirra tafa sem fylgdu því ef leita þyrfti til stofnunarinnar, og hann leysir stofnunina undan því að vinna verk sem lítill eða enginn öryggislegur ávinningur fylgir.
18. Engin vandamál hafa komið upp er snúast um jafnrétti eða sanngirni.

Köln, 12. maí 2010

P. GOUDOU  
Framkvæmdastjóri